

# Tónlistarskóli Rangæinga

2016 - 2017



# Efnisyfirlit

1. Fjárhagsáætlun 2017
2. Starfsárið 2016 – 2017
  - \* Nemendur
  - \* Starfsfólk
  - \* Tónleikar
  - \* Endurmenntunaráætlun kennara
  - \* Samstarf við aðrar stofnanir
  - \* Markmið 2015 – 2020 - staða
    - \* Suzuki
    - \* Rypmadeild
    - \* Forskóli
1. 60 ára afmæli skólans. Dagskrá og kostnaðaráætlun

# Fjárhagsáætlun

Allar hækkanir eru miðaðar við launa- og neysluvísitölu frá ágúst 2015 – júlí 2016. Teknar af vef Hagstofu Íslands.

- \* Launatengdir liðir 7,7% hækkun (síðustu 6 mánuði 11,2%)
- \* Aðrir rekstrarliðir 0,6% hækkun

# Starfsárið 2016 -2017

## nemendur

- \* Nemendum fækkar lítillega á milli ára. Nemendum í forskóla fækkaði um ca. 20. Brottfall varð nokkuð í fiðlu og söng. Bæði vegna örra kennaraskipta á fiðlukennurum og vegna þess að margir söngnemendur sem luku grunnskóla voru að hefja nám í framhaldsskóla.
- \* Aldurssamsetning er svipuð og undanfarin ár. Meðalaldur nemnda við skólann yngri en 18 ára er 11,37 og meðalaldur fullorðinna nemenda frá 18 ára er 34,4 ár. Yngsti nemandi skólans er 4 ára og elsti nemandinn er 80 ára.  
Nokkuð fleiri stunda nám á miðstigi en áður og 4 stunda nám á framhaldsstigi.
- \* Nemendafjöldi alls 308
- \* Nemendur í einkanámi 153 (hér eru tvítaldir þeir sem eru í tvöföldu hljóðfæranámi)
- \* Nemendur í forskóla grunnskóla 107
- \* Nemendur í forskóla leikskóla 48 (markhópur tónlistarskólans fyrir yngribarna- og Suzukikennslu)
- \* **Nemendur á grunnstigi 83**
- \* **Nemendur á miðstigi 31**
- \* **Nemendur á framhaldsstigi 4**
- \* **Tónlistarnám á miðstigi í söng og í söng og hljóðfæraleik á framhaldsstigi er greitt af Ríkinu (jöfnunarsjóður sveitarfélaga). Á þessu skólaári eru þetta 8 á haustönn en 9 á vorönn.**

# Starfsárið 2016 – 2017

## starfsfólk

Ágætlega gekk að ráða tónlistarskólakennara sl. sumar. 5 nýjir kennara hófu störf í haust. Menntunarstig er nokkuð gott. Tveir eru með meistargráðu, einn er með fullgilt framhaldspróf á hljóðfæri frá FÍH og tveir er að ljúka fullgildu framhaldsprófi í haust og næsta vor.

Tveir tónlistarkennarar skólans stunda núna nám í Suzukikennsulfræði. Annar í Suzukipíanó (3. bók) og hinn Suzukiblokkflautu (1. bók). Einn kennaranna byrjar í Suzukifiðlu (1. bók) á vorönn.

- \* Stöðugildi tónlistarskólakennara: 9
- \* 6 x 100% ráðningarhlutfall
- \* 2 x 50% ráðningarhlutfall
- \* 4 x 30% ráðningarhlutfall
- \* 3 stundakennarar með frá 1 – 5 tíma á viku.
- \* Vegna uppbyggingar rypmadeildar var sérstaklega ráðinn inn kennari í 30% stöðu sem kennir á rafbassa og rafgítar.

## Nemendatónleikar 2016 - 2017



### **Breytt skiplag tónleika var tekið upp haustið 2016.**

Kennarar halda/héldu bekkjartónleika með sínum nemendum. Einu sinni að hausti og einu sinni að vori.

Í haust hafa verið haldnir alls 8 bekkjartónleikar.

### **Afmæliskaffi**

Skólinn bauð íbúum sveitarfélaganna þriggja í afmæliskaffi. Nemendur komu fram með fjölbreytt atriði.

### **Jólatónleikar**

Jólatónleikar skólans voru haldnir í Hvolnum þann 28. nóvember.

# Samstarf og samnýting húsnæðis

## \* Leikskólar og grunnskólar

- \* Suzukikennarar og Suzukikennaranemar hafa verið með og verða, með kynningar í öllum leikskólum.
- \* Grunnskólinn á Hvolsvelli og Fræðslunetið hafa aðgang að kennslustofum. Tónlistarskólinn reynir að mæta beiðnum um notkun á húsnæði tækjum og tólum eins og kostur er. Sérkennslan grunnskólans fer að hluta til fram í tónlistarskólanum og nemendur okkar fengu aðgang að rypmastofu skólans til að æfa sig fyrir Samfés. Kennarar rypmadeildar aðstoðuðu einnig nemendur eins og kostur var.
- \* Tónlistarskólinn fær aðgang að tónmenntatofunni í grunnskólanum á Hellu fyrir rypmasveit og aðgang að tónmenntastofunni á Laugalandi fyrir forksóla o.fl.
- \* Tónlistarskólinn er í samstarfi við safnaðarnefnd Oddakirkju vegna uppbyggingar kórskóla eins og á síðasta skólaári. Sóknarnefnd greiðir laun kennara/kórstjóra. Æfingar fara fram í Safnaðarheimlinu á Hellu. Kórinn er opin fyrir öll börn sýslunnar.

# Námskeið og Nótan

- \* Andri Ólafsson bassaleikari og Sara Mjöll Magnúsdóttir jazzpíanisti munu vera með vinnubúðir fyrir lengra komna tónlistarnemendur sem taka þátt í rytmísku samspili í vetur en ætlast er til að allir tónlistarnemendur skólans sem eru í eldri bekkjum grunnskóla taki virkan þátt eða sem áheyrendur.
- \* Strengjanemendum var boðið að taka þátt í strengjamóti á Egilstöðum. Einn nemandi fór frá skólanum.
- \* Tónlistarskólinn mun senda atriði á svæðistónleika Nótunnar. Áður verða haldnir „Nótutónleikar“ innan skólans og fenginn utanaðkomandi aðili til að meta þau atriði sem kennarar tefla fram til að taka þátt.
- \* Eins og áður fer minnst eitt atriði frá skólanum okkar til að taka þátt í svæðistónleikum Nótunnar í Salnum í Kópavogi.



# Endurmenntunaráætlun

- \* Endurmenntunaráætlun kennara gerir ráð fyrir námsferð til Vínborgar vorið 2017. Þar munu kennarar skólans heimsækja tónlistarskóla af svipaðri stærðargráðu og Tónlistarskóli Rangæinga er.
- \* Kennarar fá fyrirlestur um birtingarmynd meðvirkni skipulagsheilda á endurmenntunardegi kennara.
- \* Sálfræðingur kemur í heimsókn til að halda fyrirlestur um fyrirbærið, hvernig má koma í veg fyrir hana og hvernig má vinna sig út úr vítahring meðvirkni.



# Afmælistónleikar skólans I

- \* Fyrri afmælistónleikar skólans á 60 ára afmælisárinu fóru fram þann 18. nóvember. Tónleikarnir tókust með miklum ágætum og voru vel sóttir. Flytjendur á tónleikunum voru „gamlir“ nemendur sem gert hafa tónlistina að atvinnu og allir kennarar skólans.
- \* Síðari afmælistónleikarnir sem haldnir eru í tilefni af afmælinu verða þann 1. maí 2017. Á þeim degi lauk fyrsta skólaárinu árið 1956.
- \* Á þessum tónleikum koma fram lengra komnir nemendur í klassísku tónlistarsnámi og nemendur ryþmadeildar skólans sem hóf formlega starfssemi haustið 2016.

# Afmælisárið



## Annað sem var/verður gert í tilefni af 60 ára afmælinu:

- \* Gefin var út bæklingur í tilefni af afmælinu og honum dreift á öll heimili og fyrirtæki í sýslunni.
- \* Ný skólanámskrá er í vinnslu og kemur út vorið 2017. Í fyrstu á rafrænu formi.
- \* Blöðrum með merki skólans var dreift til allra leikskólabarna í sýslunni og til nemenda og gesta á afmæliskaffitónleikum.

# Markmiðin...

## 5 ára markmið sem sett voru haustið 2015 þokast í rétta átt

- \* Við höldum áfram uppbygginu Suzukináms
- \* Meðalaldur nemenda lækkar smátt og smátt
- \* Nemendur ljúka ekki áfangaprófum á hljóðfæri nema ljúka um leið hliðarfögum. Þau fari þannig frá okkur með fullgild áfangapróf sem fást metin til eininga í framhaldsskólum.
- \* Við stefnum að því að byggja upp metnaðarfullt rypmískt tónlistarnám sem aðalgrein og sem hliðarfag við klassískt tónlistarnám
- \* Vera ávallt uppfærð hvað varðar tækni og þróun í kennsluháttum.
- \* Byggja upp fjarkennslu fyrir hliðarfög (vísir að því er kominn)
- \* Við stefnum að því að vorið 2020 hafi nemendur sem ljúka grunn-, mið- eða framhaldsnámi lært að þekkja og reyna fjölbreytta tónlistarstíla í tónlistarnámi sínu við skólann.